

EFTIRLITSSKÝRSLA

Kratús Hvalfjörður



Dags eftirlits	14.2.2014	Fulltrúi UST	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Kratús	Fulltrúi UST	Sigurður Ingason
Heimili	Klafastaðavegi 4	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	4307002270	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Eyþór Arnalds	ÍSAT nr.	3832
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	64,355088 -21,788370

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit til að skoða úrbætur við frávikum frá sl. ári sem eru í eftirfylgni. Ekki komu fram ný frávik en enn er unnið að úrbótum eldri frávíka.

Í eftirlitinu kom fram að greinilegar umbætur hafa verið á umgengni á svæðinu en eftir er að ganga frá frágangi hennar s.s. malbikun. Búið er að fjarlægja stærstan hluta saltkökunnar af lóðinni og fínryki og síurkyki hefur verið komið fyrir í geymslum utan lóðar og í lokuðum gámum á verksmiðjusvæðinu. Töluvert magn af álflökum er ennþá bak við verksmiðjuhúsið. Gámar undir álgjall voru einnig í mun betra ásigkomulagi en áður.

Niðurstöður úr þessari eftirlitsskýrslu verða nýttar í tengslum við eftirfylgni eldri frávíka frá 2013.

UMFANG EFTIRLITS

Litið var yfir frágang á lóð fyrirtækisins og rætt við rekstraraðila sem voru á staðnum.

Rætt var um stöðu mála varðandi eftirfylgni frávíka úr eftirlitum sl. árs.

ANNAÐ

Í samtali við rekstraraðila kom fram að um 1000 tonnum að saltköku hefur verið komið fyrir í geymslu við Vogatungu í Hvalfjarðarsveit. Umhverfisstofnun samþykkti geymsluna með skilyrðum. Umhverfisstofnun hefur ekki borist staðfesting á þeim skilyrðum hafi verið framfylgt.

Fínryk er geymt í geymslu í Gjáhelli í Hafnafirði. Fram kom að verið er að vinna að útflutningsleyfi fyrir það ásamt síurykinu úr reykhreinsivirkjunum.

Gert er ráð fyrir að ráðist verði í framkvæmdir við malbikun lóðarinnar og frágang á næstu mánuðum. Olúgildirur verða settar samhliða þeim framkvæmdum.

Brotaál/álflök er í haugum fyrir aftan verksmiðjulóð á lóð í eigu Járns og Bliks með þeirra samþykki, samkvæmt upplýsingum rekstraraðila. Erfiðleikar hafa verið við að koma því í vinnslu þar sem að þau eru of stór fyrir ofninn. Tilraunir hafa staðið yfir við að klippa og saga efnið sem gengur ekki nógu vel og stefnir því rekstraraðili á að fjárfesta í biðofn til að bræða þau upp. Minnt er á að rekstraraðili skal ekki taka við meira af brotaáli þar til að lausn er komin á hvernig hægt sé að vinna það.

Reykjavík, 07.03.2014

Halla Einarsdóttir

Halla Einarsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.